

EFTIRLITSSKÝRSLA

| | | | |
|---------------------|---------------------------|--|--------------------------|
| Dagsetning | 13. desember 2011 | Fulltrúi UST | Gísli Jónsson |
| Fyrirtæki | Silfurstjarnan | | Eva Dögg Kristjánsdóttir |
| Heimilisfang | Núpsmýri, 671 Kópaskeri | Starfsleyfi, gildir til | 1.07.2017 |
| Kennitala | 610788-1579 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Isat nr. | 05.02.2 | Fulltrúar fyrirtækis | Benedikt Kristjánsson |
| Starfsemi | Fiskeldi, 1.600 tonn /ári | Staðsetning starfstöðvar (hnit) | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá ákvæðum í starfsleyfi komu fram við eftirlit.

Gerð var ein athugasemd vegna þess að í eftirliti varð vart við fitubræk við útrásarop fituskilju.

UMFANG EFTIRLITS

Athugun á frárennsli, m.a. athugað hvort áhrifa gæti við útrásarop og ástand setþróar.

Farið yfir tæmingu fituskilju og rætt um skráningu tæmingar í grænt bókhald

Farið yfir mælingar sem voru gerðar sbr. grein 3.3 í starfsleyfi

Geymsla og meðhöndlun spilliefna

Rætt um ákvæði um samráðfundi í starfsleyfi

Skoðun á frárennsli frá seiðældistöðina að Sigtúnum



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Engin frávik frá starfsleyfi greindust í eftirliti

Athugasemdir:

Í kjölfar eftirlits gerir Umhverfisstofnun ein athugasemd:

Athugasemd 1:

Við útrásarop fituskiljunnar frá fiskvinnslunni sáust merki um fitu eða olíubræk. Það var eins og það dropaði fitu/olíu úr útrásaropinum og mynduðust rúmlega lófastórir flekkir af og til. Lítilsháttar bræk sást einnig á klaka neðar í Brunná. Ummerkin voru minniháttar en huga þarf hvort að fituskilja sé orðin full eða hvort eitthvað annað orsaki þessa bræk. Skv. fulltrúa fyrirtækisins hafði fituskiljan verið tæmd síðasta sumar.

Annað:

Gerðar voru athugasemdir í fyrri skýrslu varðandi það að settþró hefur ekki verið tæmd skv. gr. 2.6 í starfsleyfi. Silfurstjarnan hafði sent inn erindi til þess að fá frest á þessar kröfur til tveggja ára. Tilgangur frestsins er að nýta þann tíma og gera vöktunarmælingar á viðtaka til þess að kanna hvort skilyrði starfsleyfis séu óþarflega íþyngjandi vegna aðstæðna á svæðinu. Erindið er til meðferðar hjá Umhverfisstofnun en fyrirtækið hóf engu að síður vöktunarmælingar í tengslum við erindið síðasta vor.

Skoðað var frárennsli frá sveltistönkum stöðvarinnar eins og sumarið áður. Lítil sem engin þörungagróður var sjáanlegur í litlu tjörninni sem frárennslið frá sveltistönkunum rennur í. Einungis svartan sandbotn.

Rætt var um efnanotkun á stöðinni og læst geymsla fyrir efni og lyf skoðuð.

Farið var að stöðinni að Sigtúnum þar sem klakfiskur er alinn og geymdur. Ekki varð vart við þörungagróður, set eða útfellingar við útrás þeirra stöðvar.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar var búinn að reikna út losun stöðvarinnar miðað við mælingar frá apríl sl og uppgæfna tölur um framleiðslu og rennsli.

Losunarmörk skv. starfsleyfi eru 60 kg N/ framleitt tonn fyrir köfnunarefni, og 7 kg P /framleitt tonn fyrir fosfór.

| Útreiknuð losun Silfurstjörnunar. Miðað við mælingu 6. apríl 2011 | Mæling [mg/l] | Losun [kg/framleitt tonn] |
|---|---------------|---------------------------|
| Heildar köfnunarefni, eftir settjarnir | 1,2 | 65,1 |
| Heildar fosfór, eftir settjarnir | 0,1 | 5,4 |

Losun köfnunarefnis er lítillega yfir mörkum en telst innan skekkjumarka þegar litið er til óvissubátta eins og t.d. uppgefnum rennslistólum. Ekki verður litið svo á að hér sé um að ræða frávik frá starfsleyfi en ábending til rekstraraðila að huga að því að ekki verði aukning þar á. Losun fosfór er undir mörkum. Setþróin hefur ekki verið tæmd síðan síðustu mælingar voru gerðar 2008.

Fyrirtækið hefur gert reglulegar mælingar síðan í apríl og á köfnunarefni og fosfór eðlilegt að losun sé reiknuð fyrir þær allar með hliðsjón af rennsli og framleiðslu. Í eftirlitinu voru afhentar niðurstöður þeirra mælinga.

Reykjavík, 22/12/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

